

Ráðstefna EGF í Litháen 2023 um framtíð grasræktar í skiptirækt

Í byrjun júní fóru tveir ráðunautar RML, Sigurður Max Jónsson og Elena Westerhoff, á ráðstefnu EGF (European grassland federation) um framtíð grasræktar í Evrópu. Guðni Þorvaldsson prófessor hjá LBHÍ slóst í för með okkur. Í ár var LAMMC (Lithuanian Research Centre for Agriculture and Forestry) gestgjafi og var ráðstefnan haldin í Vilnius í Litháen. Ráðstefnusvæðið var á efstu hæð landsbókasafns Litháens en þar fyrir utan háðu Litháar frelsisbyltingu sína við Rússa eftir fall Sovétríkjanna. Þess ber að geta að Ísland var fyrsta þjóðin til að viðurkenna sjálfstæði Litháens. Ráðstefnan var ekki stór í sniðum en laðaði að sér í kringum 100 þátttakendur frá 24 löndum, aðallega frá Evrópu.

Aðalumfjöllunarefni ráðstefnunnar var framtíðarhlutverk grasa, jurta og niturbindandi plantna til skiptiræktar (e. leys) í akuryrkju, hefðbundnum húsdýrabúskap eða jafnvel til iðnaðar. Umfjöllunarefninu var skipt upp í þrennt. Umhverfishagkvæmni skiptiræktar fyrir mismunandi búskaparkerfi, líffræðilegan fjölbreytileika og vistkerfislegan ávinning skiptiræktar og tegundaríkan grassvörð og ávinning hans í skiptirækt.

Fyrsti dagur ráðstefnunnar einkenndist af fyrirlestraröðum og veggspjaldakynningum. Rannsóknirnar sem kynntar voru sýndu sérstakan áhuga margra Evrópuríkja til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði. Áherslan í tilraunum var fyrst og fremst á aukningu bindingar kolefnis og samdrátt á losun köfnunarefnis, þá aðallega útskolun nitrats í grunnvatn og/eða umbreytingar nitrats í skaðlega gróðurhúsalofttegund. Einnig var mikið talað um samþættingu belgjurta í ræktun og fjölbreytni svarðar.

Meðal áhugaverðra fyrirlestra má nefna erindi frá dönskum prófessor sem fór yfir tilraunir sem sýndu góða reynslu af því að nota einært rýgresi til að taka upp leifar af nitrati í jarðvegi í landi sem hafði verið í akuryrkju í áratuðir. Uppsöfnun nitrats og nítatlosun úr ræktarlandi út í grunnvatn er vandamál á sumum svæðum í Danmörku og þar er staðan jafnvel sú að annað hvort þarf að minnka þessa útskolun á nitrati úr jarðveginum eða nota landið í eitthvað annað en árlega akuryrkju. Einnig var mikið talað um samþættingu belgjurta í ræktun og fjölbreytni svarðar, það kom t.d. fram í erindi um langtímatilraunir á belgjurtum í Noregi að þær bundu að jafnaði 85-144 kg köfnunarefni úr andrúmsloftinu árlega. Einnig kom fram að kostir þess að hafa grasfræblöndur með háu hlutfalli af belgjurtum í að minnsta kosti 50% af árunum sem akuryrkja er stunduð jók hlutfall kolefnis í jarðvegi, bætti jarðvegsbyggingu sem styrkti hringrás næringarefna og jók líffræðilegan fjölbreytileika í jarðvegi. Það köfnunarefni sem er bundið úr andrúmsloftinu af belgjurtum nýtist fyrir þá akuryrkju sem kemur á eftir og minnkar notkun á tilbúnum áburði. Finnskur prófessor sýndi okkur gögn frá mælingum á gróðurhúsalofttegundum á framræstri mýrarjörð annars vegar og á steinefnajörð hins vegar sem voru í hefðbundinni grasrækt. Niðurstöður sýndu að nettólosun mýrarjarðvegs væri jákvæð strax eftir slátt en binding köfnunarefnis hefðist fljótlega við endurvöxt. Einnig kom í ljós að árleg losun hlátursgass (N_2O) mældist alltaf við áburðargjöf á seinni slátt, þó var þessi losun miklu minni á steinefnajarðvegi í samanburði við mýrarjarðveg. Mjög áhugavert erindi var frá Þýskalandi þar sem tilraunakúabú í Norður-Þýskalandi náði mjög góðum árangri við að minnka kjarnföðurgjöf um tvo-þriðju miðað við meðalbú. Því var náð með tegundafjölbreyttum grassverði með sykkuríkum grastegundum og háu hlutfalli af belgjurtum með engri áburðargjöf né neinni máisrækt. Nyt kúnna vissulega lækkaði en kostnaður við framleiðslu á hverjum lítra var töluvert minni en á meðalbúi. Samt var uppskera af fôðureiningum og próteini á pari.

Annar dagur ráðstefnunnar hófst með nokkrum stærri fyrirlestrum og svo aftur veggspjaldakynningum en svo var farið í langa skoðunarferð. Hægt var að velja um tvenns konar ferðir sem fóru á nautgripabú í hefðbundinni framleiðslu annars vegar eða í lífrænni framleiðslu hins vegar. Við ferðumst í sól og

blíðu í útjaðri Vilnius og sáum mjög fjölbreytt landbúnaðarlandslag Litháens. Eins og víða í Evrópu hefur hefðbundinn húsdýrabúskapur vikið fyrir meiri akuryrkju í Litháen. Það mátti glögglega sjá í ferð okkar að langvarandi þurrkur var hafði haft mikil áhrif á sprettu sumarsins þar í landi. Það kom fram að í Litháen hafa 5 af síðustu 10 árum einkennst af þurrkum og voru þeir að hafa töluverðar áhrif á landbúnaðinn, t.d. væri byrjað að huga að miklu þurrkþolnari yrkjum og/eða plöntutegundum til að minnka áhrif langvarandi rigningaleysis.

Í ferðinni var aðsetur Landbúnaðarháskólans í Litháen heimsótt þar sem við fengum að skoða tilraunareiti, yrkjaprófanir á hinum ýmsu gras- og smárattegundum, en ásamt því voru allskonar tilraunaliðir í bæði hefðbundinni ræktun og lífrænni ræktun. Til dæmis mátti glögglega sjá í yrkjatilraununum hversu mikil áhrif yrkjaval hefur á uppskeru og endingu sáðgresis.







